

XIV. kafli.

*Almenn ákvæði.***79**
14. júní

66. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 1—100 krónum eftir mála-
vöxtum, og renna þær í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

67. gr.

Mál, sem rísa útaf brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með sem al-
menn lögreglumál.

68. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu
um fjallaskil frá 19. júní 1897 og reglugjörð um breyting á henni frá 10. júlí
1906.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt
samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890 og nr.
36, 24. nóv. 1893, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. september 1910.

Í stjórnarráði Íslands, 14. júní 1910.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reglur

80
26. maí.

um umferð um brúna yfir Þjórsá.

1. gr.

Enginn má fara yfir brúna harðara en klyfjagang, hvort sem hann er riðandi
eða fer með vagn, eða hann teymir eða rekur hesta eða nautgripi, einn eða fleiri.

80

26. maí.

Hesta með klyfjum má aldrei reka yfir brúna, heldur skal ávalt teyma þá, og hesta með trjádrætti skal ávalt teima einn og einn. Lausa hesta má reka yfir brúna, ef maður gengur á undan og gætir þess, að hestarðir fari ekki harðara en klyfjagang. Nautgripir má því aðeins reka yfir brúna, að teymdur sé nautgripur eða hestur á undan.

3. gr.

Öllum, sem yfir brúna fara, ber að haga svo ferð sinn, að aldrei séu fleiri stórgripir (hestar og nautgripir) á brúnni í einu en 10. Tvihjólaðir vagnar mega ekki fara yfir brúna fleiri en 4 í einu og fjórhjólaðir vagnar ekki en fleiri en 2 í einu.

4. gr.

Brot gegn reglum þessum varðar sektum frá 4 til 100 kr, Sömu sektum varðar það að skemma brúna af ásettu ráði, nema þyngri hegning liggja við samkvæmt 295 gr. hinna almennu hegningarlaga.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum um vegi 22. nóv. 1907, 57. og 60 gr.

Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu, Efra-Hvoli, 26. maí 1910.

Björgvin Vigfússon.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir búnaðarsjóð Norður-Ísafjarðarsýslu útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 29. apríl 1910.
Skipulagsskráin er þannig:

81

29 apríl.

Skipulagsskrá

fyrir búnaðarsjóð Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er 8000 kr. — átta þúsund krónur — í bankavaxtabréfum með vaxtamiðum frá 1. júlí 1905, er hinn fyrverandi sparisjóður á Ísafirði hefir gefið sýslunni nefndan dag af viðlagasjóði sínum.